

# Fundargerð

## Samráðsfundur með fulltrúa Strandveiðifélagsins Króks um handfæraveiðar innan friðlandsins - í tengslum við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Látrabjarg

Haldinn í gegnum Teams þann 29. febrúar 2024 kl. 11:00-11:35

### Fundarmenn:

Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun  
Einar Helgason, fulltrúi Strandveiðifélagsins Króks

### Markmið fundar/Dagskrá

1. Fá upplýsingar um það hvernig handfæraveiðum innan friðlandsins er háttað.
2. Aðrar umræður.

Rætt var almennt um það hvað handfæraveiðar eru og hvernig þeim er háttað á svæðinu fyrir framan bjargið. Upplýsingar um eftirfarandi komu fram:

### 1. Hvernig er nýtingin?

- Á hvaða tíma árs er verið að nýta svæðið til handfæraveiða?  
*Svæðið er sáralítið nýtt til handfæraveiða þar eð fengsælli mið er víða að finna í nágrenninu. Þó kemur það fyrir að menn reyni fyrir sér við Látrabjarg. Veiðar standa yfir í maí-júní og yfirleitt er ekki farið eftir það þar eð þær eru takmarkaðar með tíma eða kvóta. Þegar strandveiðum lýkur geta verið 2-4 bátar sem fara á hefðbundið skak (kvótabátar) en þeir nýta svæðið ekki þar eð fiskurinn telst almennt smár.*
- Hvaða tegundir er helst verið að veiða?  
*Bara þorskur, það eru alltaf einhverjir gönguþorskar. Þegar hann er smár þá er ekki mikill áhugi fyrir nýtingu svæðisins. Fulltrúi Króks telur að áður fyrr sé mögulegt að lúða hafi verið veidd á línu við bjargið en það er ekki leyfilegt í dag.*
- Hversu nálægt bjarginu er verið að fara?  
*Yfirleitt halda menn sig í 4-8 mílur suður af Látrabjargi ef hægt er að fá skjól en þá sjaldan að menn reyna fyrir sér innan þess svæðis sem telst til friðlandsins veiða þeir nánast alveg við bjargið, í ca. 100-200 m fjarlægð frá bjargveggnum þar sem aðdjúpt er. Þeir veiða á 13-14 faðma dýpi, þar liggur þorskurinn. Það eru klettur við Nýurð þar sem ekki er aðdjúpt og þar þarf að gæta að sér. Þegar siglt er fyrir Bjargtanga er öruggara að sigla í harðalandi, við hleinarnar, heldur en að lenda í röstinni. Þar er ekki rennt út handfæri þar eð hraðinn á sjónum er slíkur að slóðar liggja út frá bátnum og þá tekur fiskur ekki.*
- Eru einhverjir staðir betri en aðrir til handfæraveiða innan friðlandsins?  
*Svæðið austan Nýurðar, þar er kantur og þorskurinn fylgir honum.*

- Hvað eru þetta margir bátar?

*Einu sinni fóru 2-3 bátar saman, en oftast einn bátur í einu þegar farið er.*

### 2. Aðrar umræður

Fulltrúi Króks tók fram að ólíklegt væri að handfæraveiðar trúfli fuglinn í Látrabjargi nokkuð, á ákveðnum tímum dags liggi hann á sjónum við bjargið en það sé ekki aðalfæðuöflunarsvæði fuglsins, hann fljúgi lengra til að ná sér í æti.

Umræður voru um skemmtiferðaskip og að það hafi komið upp tilvik þar sem sjómenn hafa séð til skemmtiferðaskipa sem lómi utan friðlandsmarka en sendi svo léttabáta inn að bjarginu til að skoða fuglinn, einkum á kvöldin. Slík farartæki koma ekki fram á ratsjám og því örðugt um eftirlit.

### 3. Næstu skref

Settur verður upp kafli um handfæraveiðar og framkvæmd þeirra í áætluninni og hann sendur í rýni á fulltrúa Strandveiðifélagsins Króks, Einar Helgason. Þegar áætlunin fer í 6 vikna kynningarferli verður fulltrúinn upplýstur um hvar áætlunina megi finna og hvar hægt verður að senda inn athugasemdir/ábendingar.